

Garðabær
Garðatorg 7
210 Garðabær

Reykjavík, 5. desember 2023
UST202310-309/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum Vífilstaðarhraun

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Garðabæjar, dagsett 25. október 2023, um leyfi til framkvæmda innan Garðahrauns efra, Garðahrauns neðra, Vífilsstaðahrauns og Maríuhella.

Garðahraun efra, Garðahraun neðra, Vífilsstaðahraun og Maríuhellar eru friðlýst sem fólkvangur sbr. [auglýsingu nr. 1060/2021](#). Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma á annan hátt jarðminjar, votlendi og gróðurfar í fólkvanginum, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að spilla gróðri, nema um sé að ræða gróður sem ógnar verndargildi svæðisins, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins. Losun jarðefna og úrgangs er óheimil í fólkvanginum.

Samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta eldhraun séstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. lagana. Forðast ber að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til lagningu stofnstígs um Vífilstaðarhraun milli Urriðaholts og Vífilstaða. Kort sem sýnir fyrirhugaða legu stígsins fylgdi með umsókn. Stígurinn yrði 3 metra breiður, malbikaður, með 0,5 m óxlum og lýstur upp með 5 m háum ljósastólpum með u.þ.b. 35 metra millibili. Leitast yrði við að lágmarka brottakstur óburðarhæfs efnis af svæðinu með því að leita uppi lænur í landslaginu til að leggja stíginn eftir. Lítil jarðýta myndi verða notuð til að móta stígastæðið og síðan yrði burðarlagi ekið í stígstæðið. Vörubílarirnir yrðu látnir bakka eftir stígastæðinu til að þurfa ekki að snúa við utan stígstæðisins. Hægt yrði að vinna verkið úr tveimur áttum. Ekki verður gert ráð fyrir snúningsplani á leiðinni og verktaki verður að halda sig alfarið innan fyrirhugaðs stígstæðis. Áætlað er að tína grjót og mosa úr stígstæðinu og nota til lagfæringa á jöðrum stígsins. Þar sem stígurinn fer yfir nokkuð djúpa lægð í landslaginu er stefnt að því að stígurinn verði uppbyggður með hraunhleðslu á jöðrum. Þar sem stígurinn færi upp á hraunið næsti Urriðaholti er lagt til að stígurinn skerist allt að 2 metra niður fyrir núverandi yfirborð til að lágmarka fyllingar og fláa út frá stígnum. Reynslan hefur sýnt að slík skering í úfnu hrauni sé mun fljóttari að samlagast með mosagróðri en fyllingar og fláar. Framkvæmdin er í samræmi við samþykkt aðalskipulag Garðabæjar og deiliskipulag svæðisins. Verktími er áætlaður frá nóvember 2023 til júní 2024 og kæmu 10 manns að framkvæmdinni.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að valda óafturkræfum skemmdum á hraunmyndunum á svæðinu. Svæði sem um ræðir er friðlýst sem fólkvangur. Í friðlýsingarskilmálum svæðisins kemur fram að „markmiðið með friðlýsingu hans er að tryggja aðgengi almennings að náttúru svæðisins til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í þéttbýli. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að vernda jarðmyndanir sem eru fágætar á heimsvísu, náttúrulegt gróðurfar og dýralíf. Með friðlýsingunni er stuðlað að eflingu lífsgæða í sveitarfélaginu með því að tryggja möguleika til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í náttúrulegu umhverfi. Með vernduninni skal tryggt að jarð- og hraunmyndum, náttúrulegu gróðurfari, fuglalífi og menningarlegu gildi verði ekki spilt og einkenni þess og sérkenni varðveitt.“ Umhverfisstofnun metur að til þess að almenningur geti notið svæðisins sé ekki hjá því komið að raska hluta þess til að almenningur geti gengið um það. Til þess að takmarka neikvæð áhrif framkvæmdarinnar er því mikilvægt að umsækjandi haldi sig við þá leið sem ákveðið var að fara í gegnum hraunið í samráði við starfsmenn Umhverfisstofnunar, allt rask lágmarkað og farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Garðabæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum í Vífilstaðarhrauni vegna gerð gönguhluta stofnstígs í gegnum Vífilstaðarhraun innan Garðahrauns efra, Garðahrauns neðra, Vífilsstaðahrauns og Maríuhella sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 30. júní 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Óheimilt er að keyra utan vega utan stígastæðisins.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Forðast skal óparfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna. Við frágang á öxlum stígsins skal nota staðgróður og hraunmola úr stígstæðinu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það afmáð.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnutækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Umhverfisstofnun mælir með að framkvæmdir við hjólahluta stígsins sem til stendur að verði lagður meðfram Reykjanesbraut fari fram samhliða þessari framkvæmd eða fljótlega eftir að þeim líkur. Ekki hefur verið sótt um leyfi til framkvæmda fyrir þeirri framkvæmd. Stofnunin telur það mikilvægt til að minnka álag á gönguhluta stígsins og slyshættu sem blönduð umferða gangandi og hjólandi getur skapað.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

René Biasone
sérfræðingur